



Flugöryggisstofnun Evrópu

SKÝRING VIÐ

ÁLITSGERÐ NR. 01/2013

RMT.0136 (ADR.001(a)) & RMT.0137 (ADR.001(b))

RMT.0140 (ADR.002(a)) & RMT.0141 (ADR.002(b))

RMT.0144 (ADR.003(a)) & RMT.0145 (ADR.003(b))

NPA/CRD 2011-20

„Leyfis-, skipulags- og rekstrarkröfur fyrir flugvelli“

SAMANTEKT

Þessi skýring er hugsuð til þess að upplýsa lesandann um kjarnann í innihaldi gildandi álitsgerð EASA nr. 01/2013 og um þær breytingar sem gerðar hafa verið á drögum að ADR reglugerðinni eftir CRD. Þær breytingar byggja á viðbrögðum við CRD sem gáfu til kynna að rými væri fyrir frekari fínstillingu á ákvæðadrögum. Breytingarnar og ástæður þeirra má finna í þessu skjali.

Á grundvelli ítarlegs samráðs við aðildarríkin og hagsmunaaðila er EASA sannfærð um að þetta álit byggi á víðtækri samstöðu og sé þroskaður vettvangur fyrir samþykkt á komandi ADR reglugerð.

INNGANGUR

I. Almennt


1. Reglugerð (EB) nr. 216/2008 með síðari breytingum (framvegis vísað til sem „grunnreglugerðarinnar“) útvíkkaði ábyrgð Flugöryggisstofnunar Evrópu (framvegis vísað til sem „stofnunarinnar“) til ATM/ANS sviða og flugvalla. Þessi nýja ábyrgð skuldbatt stofnunina til þess að undirbúa drög að öryggisreglum fyrir flugvelli svo og að almennum reglum fyrir vottun og eftirlit innlendra flugyfirvalda til þess að styðja við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.
2. Tilgangur þessarar álitsgerðar er að aðstoða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins við að koma á fót framkvæmdarreglum fyrir flugvelli þar sem endanleg umfjöllun stofnunarinnar um viðfangsefnið er afhent. Búist er við því að framkvæmdarreglurnar verði samþykktar af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og taki gildi fyrir árslok 2013.
3. Óskuldbindandi efni (viðurkenndar aðferðir til þess að uppfylla kröfur), leiðbeinandi efni og vottunarforskriftir, sem leggja grunninn að þessum framkvæmdarreglum framtíðarinnar, hefur verið í þróun samhliða og er ráðgert að það hljóti samþykki stofnunarinnar og taki gildi á sama tíma og framkvæmdarreglurnar. Öfugt við ferlið fyrir framkvæmdarreglurnar að ofan mun stofnunin halda þessu stöðefni hjá sér fram að samþykkinu og fær það því meiri tíma til aðlögunar og fullvinnslu á árinu 2013.
4. Þessi skýring er hugsuð til þess að aðstoða lesandann við að skilja ástæður og áhrif síðustu breytinga á framkvæmdarregludrögin. Stofnunin mælir með þessum breytingum vegna þeirra athugasemda sem bárust við CRD við NPA 2011-20. Bæði er boðið upp á framkvæmdarregludrögin í „hreinni“ útgáfu svo og útgáfu með breytingasögu.
5. Auk þess má finna lista í viðhengi við þessa skýringu, sem einungis er til upplýsinga og er ekki formlegur hluti þessarar álitsgerðar, þar sem finna má upplýsingar um það AMC, GM og CS stuðningsefni sem stofnunin ætlar að vinna meira með. Þessi listi, sem ekki er tæmandi, varð til vegna athugasemdanna við CRD og er ekki talinn endanlegur. Í einstökum tilvikum er boðið upp á ný textadrög.

II. Gildissvið álitsins

6. Þetta álit inniheldur eftirfarandi skjöl:
 - Drög að forsíðureglugerð um flugvelli með eftirfarandi viðaukum:
 - Viðauki I – hluti stjórnvaldskröfur (hluti-ADR.AR)
 - Viðauki II – hluti skipulagskröfur (hluti-ADR.OR)
 - Viðauki III – hluti rekstrarkröfur (hluti-ADR.OPS)

III. Reglusamsetning

7. Eftirfarandi mynd veitir yfirlit yfir viðaukana við hina verðandi flugvallareglugerð:



Mynd 1: Viðaukar við flugvallareglugerðina

IV. Samráð

8. NPA 2011-20 var birt á vefsíðu stofnunarinnar (<http://easa.europa.eu/rulemaking/notices-of-proposed-amendment-NPA.php>) 13. desember 2011. Samráðstímabilinu lauk, eftir að óskað hafði verið eftir framlengingu, 30. apríl 2012.
9. Samantektir á athugasemdum, sem tengdust svörum við athugasemdasamantektum og þeim endurskoðaða reglutexta, sem lagður var til, voru ræddar á eftirfarandi fundum:
 - Flugvallaráðstefna 21. – 22. maí 2012
 - þematengdir rýnifundir
 - Reglugerðardrög & hluti AR 12. júní 2012
 - Hluti-OR 13. júní 2012
 - Hluti OPS 19. júní 2012
 - Bók I CS 20. júní 2012
10. Á grundvelli ofangreinds og víðfeðms samráðs við yfirvöld, samtök og rekstraraðila flugvalla, birti stofnunin CRD við NPA 2011-20 hinn 26. nóvember 2012. Athugasemdatímabilinu lauk 3. febrúar 2013. Á þessu athugasemdatímabili viðhélt stofnunin stöðugri og ítarlegri samvinnu við alla aðila í því skyni að tryggja að brugðist væri réttilega við þeim. Margir fundir, bæði formlegir og óformlegir hafa

átt sér stað til þess að stuðla að frjálsum umræðum um efnisatriðin á milli allra aðila með það að markmiði að tryggja að allir aðilar átti sig á þeim breytingum, sem lagðar eru til, og ástæðum þeirra.

V. Almenn yfirlit yfir athugasemdirnar við CRD

11. Vert er að taka fram að umtalsverður fjöldi athugasemda lét í ljós velþóknun bæði yfirvalda og rekstraraðila flugvallanna á viðleitni stofnunarinnar við að reyna að svara með jákvæðum hætti þeim athugasemdum sem bárust í NPA samráðinu við almenning. Litið var svo á að CRD tæki á mörgum af þeim áhyggjuefnum sem stofnuninni höfðu borist. Margar athugasemdirnar lutu að samþykkt reglnanna og því rofi, sem varð í kjölfar þess að nokkrum reglum var breytt, án þess að tekið væri með fullnægjandi hætti á þeim afleiðingum sem það hefði á tengdar eða styðjandi reglur. Eftirfarandi texti mun reyna að bregða ljósi á breytingar stofnunarinnar á hverjum hluta sem viðbrögð við þeim athugasemdum, sem bárust, og ástæður fyrir viðkomandi ákvörðun.
12. Endurteknar athugasemdir frá iðnaðinum lutu að túlkun á notkun orðalagsins „skal tryggja“. Almennur skilningur virtist vera að hugtakið þýddi að rekstraraðilar flugvalla væru ábyrgir með beinum hætti fyrir þróun á ferlum og sannreyningu á því að ferlunum væri fylgt af öllum hlutaðeigandi aðilum. Slíkt var ekki ætlunin með orðalaginu og er ekki í samræmi við gildissviðið sem stofnunin ætlaði fyrir rekstraraðila flugvalla. Ætlun stofnunarinnar var að þegar orðalagið „tryggja“ er notað skuli rekstraraðili flugvallarins fullvissa sjálfan sig um að ferlarnir séu til staðar, að þeim sé komið á framfæri með réttum hætti og að þeir séu hluti af almennum öryggisstjórnunarkerfum flugvallarins. Stofnunin áttar sig á því að aðrar stofnanir kunni að taka sér virkt hlutverk við að koma á skilvirkum ferli í samræmi við regluna en það er samt á ábyrgð rekstraraðila flugvallarins að koma á, hafa eftirlit með og endurskoða skilvirkni ferilsins.
13. Sem svar við ósk um skýringu á ábyrgð rekstraraðila flugvallar þegar rekstrarþjónusta er veitt af öðrum aðilum, lætur stofnunin fylgja með auknar leiðbeiningar sem sýna ábyrgðarstigið og skaðabótaábyrgðina sem þeim er ætlað að viðhalda við samræminguna. Eins og minnst var er búist við því að rekstraraðili flugvallarins muni samræma vinnu sína við ýmsa aðila; hins vegar er sá skilningur lagður í málið að þegar slík samræming er tryggð hafi þeir flutt ábyrgð sína og sé því ekki skaðabótaskyldir fyrir aðgerðum viðkomandi aðila.
14. Í eftirfarandi köflum þessarar skýringar má finna ítarlegri upplýsingar um þróun reglugerðardraganna.

BREYTINGAR Á REGLUGERÐARDRÖGUNUM UM FLUGVELLI**I. Gildissvið**

15. Reglugerðardrögin um flugvelli skilgreinir almennt gildissvið þeirra hluta, sem hún tekur til, kveður á um samruna núverandi vottorða, skilgreinir skilyrði fyrir undanþágum samkvæmt 4. grein (3b) í grunnreglugerðinni og leggur til sérstakar ráðstafanir í formi breytingartíma svo og skjal um samþykki frávika og aðgerða (e. Deviation Acceptance and Action Document, DAAD) til þess að auðvelda breytinguna yfir í nýju vottunarforskriftirnar.

II. Yfirlit yfir athugasemdir

16. Athugasemdir við reglugerðardrögin fjölluðu aðallega um skilgreiningar, eftirlit með flugvöllum og gildi reglnanna áður en vottun á sér stað.

III. Útskýring á breytingum

Ný forsenda (15):

17. Þessi nýja forsenda veitir skýringu á ábyrgð rekstraraðila flugvallar þegar flugvallarþjónusta, sem farið er fram á í viðauka III við reglugerðina, er veitt af ríkisaðila eða fyrirtæki öðru en rekstraraðila flugvallarins sjálfs.

Ný forsenda (16):

18. Þessi nýja forsenda skýrir að þættir, sem ekki varða öryggi, í gildandi innlendum flugvallarvottorðum haldast óbreyttir.

1. grein: Efni og gildissvið

19. 1. grein hefur verið breytt til þess að skýra hvaða aðili skuli uppfylla hvaða viðauka. Fresturinn fyrir því hvenær mismunandi aðilar þurfi að uppfylla skilyrði viðaukanna hefur verið færður til 12. greinar.

2. grein: Skilgreiningar

20. Það virðist vera einhver misskilningur á að skilgreiningin „eftirlitsáætlunarskeið“ noti hugtakið „allar gildandi kröfur skal sannreyna á eftirlitsskeiðinu“ og að það myndi auka álag á einhver lögbær stjórnvöld. Stofnunin endurskoðaði textann og áttaði sig á því að núverandi skilgreining inniheldur ekki eftirlit með viðurkenndum leiðum til sannprófunar og vottunarforskriftum, sem ekki eru kröfur, og hefur breytt textanum til þess að endurspeglar að nokkur atriði haldast stöðug og megi ekki fella undir reglulegt eftirlit ef þau eru óháð breytingunum. Nýja skilgreiningin segir að eftirlitsskeiðið sé tímabil þar sem áframhaldandi samræmi er sannreynt. Þessi skilgreining tekur ekki á aðferðunum við að framkvæma slíka sannreyningu. Skilgreiningin á „vottorðsskilyrðum“ var stytta um tvo þætti. *3. grein: Eftirlitsgeta*

21. Greininni hefur verið breytt til þess að skýra að aðildarríki tilnefna lögbært stjórnvald til þess að vera ábyrgt fyrir vottun og eftirliti flugvallanna og starfsemi þeirra frekar en flugvallarstarfseminni almennt. Þetta skilgreinir betur gildissvið og samræmi við grunnreglugerðina. Aðrar breytingar á greininni heimila lögbæra yfirvaldinu að grípa til, en sömuleiðis einungis að hrinda af stað, framfylgdarráðstöfunum sem síðan yrðu teknar af öðrum viðeigandi aðilum.

Reglan varðandi eftirlit með samvinnu flugvalla, sem staðsettir eru nálægt innlendum landamærum, hefur verið dregin upp að nýju, og þar með heimfærð upp á „öryggisvörslu“ og færð yfir í 8. grein.

4. grein: Upplýsingar til stofnunarinnar

22. Athugasemdirnar við 4. grein gáfu til kynna að „nöfn flugvalla“ gætu haft í för með sér vandamál við rétta auðkenningu ef aðildarríkin notuðu hugtökin sem lögð voru til í greininni. Af þeim sökum hefur stofnunin samþykkt ICAO kröfurnar til þess að forðast rugling og kveður nú á um að upplýsingar til stofnunarinnar skulu innihalda „nafn, staðsetningu og ICAO kóða flugvallanna“.

5. grein: Undanþágur í samræmi við 4. grein (3b) reglugerðar (EB) nr. 216/2008

23. Breytingin á 5. grein endurspeglar viðleitni stofnunarinnar til þess að skýra tímabilið þar sem aðildarríkin leggja mat á samræmi flugvallarins við undanþágukröfurnar. Stofnunin er að leitast við að viðhalda sveigjanleika innan ákvæðisins í því skyni að heimila aðildarríkjunum að ákvarða hvort flugvöllur uppfyllir undanþágukröfurnar. Hins vegar, var örlítið ósamræmi að finna í ákvæðinu sem gæti hafa valdið ruglingi. Af þeim sökum hefur stofnunin sett inn orðalagið „þrjú síðustu ár samfleytt“ í 5. grein (2) svo að það sé það sama og í 5. grein (3)(c).

6. grein: Umbreyting vottorða

24. Greininni hefur verið breytt til þess að skýra gildi núverandi vottorða.

7. grein: Frávik frá vottunarforskriftum

25. Greininni hefur verið breytt til þess að endurspeglar tvær athugasemdir sem bárust. Sú fyrsta lýtur að notkun hugtaksins „fyrsta“ vottorð. Það var talið að þetta setti þá flugvelli, sem hafa sótt um snemmbúna vottun, í lakari stöðu miðað við þá sem fengu vottun síðar. Óhagræðið, sem kom í ljós, fyrir þá sem ekki hafa þegar fengið nýtt vottorð, þýðir að öll „ósvikin“ frávik, sem koma í ljós eftir vottunina gætu ekki notað DAAD, en þeir sem eiga eftir að fá vottun gætu sett þessi frávik, sem „vantar“ á DAAD. Þetta leiddi til þess að orðið „fyrsta“ var tekið út til þess að heimila að DAAD væri notað þegar yfirsjónir eru ósviknar, við að auðkenna viðeigandi frávik á vottunartímanum. Síðari athugasemdin laut að ósamræmi á milli lokadagsins, sem notaður er í greininni, og þess sem notaður er skýringunni. Greininni hefur verið breytt til þess að endurspeglar rétta dagsetningu.

8. grein: Stjórnun öryggis flugvallarumhverfis

26. Eins og nefnt var í 3. grein að ofan inniheldur greinin nú í (3) kröfurnar fyrir samræmingu á öryggisvörslu flugvalla, sem staðsettir eru nálægt innlendum landamærum, frekar en eftirlit, eins og lýst var í fyrri tillögum að 3. grein.

9. grein: Eftirlit með umhverfi flugvalla

27. Breytingin á 9. grein endurspeglar athugasemdina um að gerð svæðis fyrir dýralíf gæti í raun verið gott til þess að draga dýr frá svæðum þar sem þau gætu valdið hættu gegn starfsemi flugvalla. Af þeim sökum setti stofnunin inn orðið „skaðlegt fyrir starfsemi flugvéla“ í liðinn um dýralíf.

12. grein: Gildistaka

28. Greininni hefur verið breytt til þess að skíra gildistökukröfurnar fyrir þá flugvelli, sem þegar eru vottaðir samkvæmt innlendra löggjöf, og þá flugvelli sem kunna að vera í vottunarferli sem hófst fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.

BREYTINGAR Á VIÐAUKA I – HLUTI STJÓRNVALDSKRÖFUR (HLUTI-ADR.AR)**I. Gildissvið**

29. Þessi hluti lýsir kröfunum fyrir lögbæru stjórnvöldin. Efnið, sem gert var, skilgreinir:
- kröfurnar fyrir stjórnunarkerfi lögbæru stjórnvaldanna;
 - málsmeðferðinni fyrir endurskoðun og samþykki á tillögu um viðeigandi vottunargrunn flugvallar sem umsækjandi hefur sent inn;
 - samþykkisferlið fyrir flugvallarhandbókina, sem skilgreinir einstök atriði flugvallarins, þjónustu hans og starfsemi;
 - kröfurnar fyrir útgáfu, viðhaldi, breytingum, sviptingu eða afturköllun vottorða fyrir flugvelli og rekstraraðila flugvalla (eins og við á í aðildarríki).
 - kröfur fyrir stjórnvaldið í tengslum við áframhaldandi öryggiseftirlit með flugvellinum, starfsemi hans, þjónustu og rekstraraðila flugvallarins;
 - skilyrðin fyrir því að rekstur skuli bannaður, takmarkaður eða undirsettur ákveðnum skilyrðum í öryggisþágu.

II. Yfirlit yfir athugasemdir

30. Athugasemdirnar við kröfur fyrir stjórnvöldin sneru aðallega að stjórnunarkerfinu, eftirlitsáætluninni, útgáfu vottorða og breytingum. Á grundvelli þeirra athugasemda, sem bárust, hefur textinn verið endurskoðaður með það að markmiði að draga úr byrðinni á lögbæru stjórnvöldin og skýra skyldur þeirra hvað varðar eftirlitsáætlunina og útgáfu vottorða og breytingar.

III. Útskýring á breytingum*ADR.AR.A.005: Lögbært stjórnvald*

31. Framkvæmdarreglunni hefur verið breytt til þess að skýra að lögbæra stjórnvaldið gefi ekki sjálfkrafa út vottorð án skilyrða eins og fyrri texti kann óviljandi að hafa gefið til kynna.

ADR.AR.B.020: Skýrsluhald

32. Framkvæmdarreglan endurspeglar nú að skrár skulu haldnar út gildistíma vottorðsins eða yfirlýsingarinnar, eins og við á. Þessi breyting var gerð til þess að leyfa lögbæra stjórnvaldinu að ákvarða hvaða skrár skyldu geymdar.

ADR.AR.C.005: Eftirlit

33. Framkvæmdarreglan inniheldur nú ákvæði þar sem lögbæra stjórnvaldið skal hafa eftirlit með öðrum innviðum og starfsemi á þeim sviðum, sem rekstraraðili flugvallarins heldur uppi eftirliti með, í samræmi við ADR.OPS.B.075. Það getur tekið til fyrri samninga um samþykki.

ADR.AR.C.015: Upphaf vottunarferlisins

34. Framkvæmdarreglunni hefur verið breytt til þess að endurspeglar að vottunarferlið er stigbundið ferli en ekki það „ping-pong“ ferli sem upphaflega var lagt af stað með. Vottunarferlið ætti að vera samvinna sem krefst þess að báðir aðilar vinni saman að þróun vottunargrunnsins og vottunarkrafna. Því er ekki ætlað að vera skrifræðislegt ferli og ætti ekki að vera slíkt í framkvæmd.

ADR.AR.C.020: Vottunargrunnurinn

35. Framkvæmdarreglunni hefur verið breytt til þess að lýsa vottunargrunninum með nákvæmari hætti. Ferlið að vottunargrunninum er að finna í AMC undir ADR.AR:C.015 þar sem hugtakið birtist fyrst.

BREYTINGAR Á VIÐAUKA II – HLU TI FYRIRTÆKJAKRÖFUR (HLUTI-ADR.OR)**I. Gildissvið**

36. Hluti-ADR-OR inniheldur þær kröfur sem rekstraraðili flugvallarins þarf að uppfylla. Hlutinn inniheldur fimm kafla sem fjalla um almennar kröfur, vottun – yfirlýsingu, ábyrgð rekstraraðila, stjórnun og flugvallarhandbókina. Hann fjallar um:
- skilyrðin fyrir rekstri flugvallar í samræmi við grunnkröfurnar í viðauka Va og, ef við á, viðauka Vb við grunnreglugerðina;
 - ábyrgð og réttindi fyrirtækis rekstraraðila flugvallarins;
 - málsmeðferðina við gerð og innihald flugvallarhandbókarinnar og kröfurnar fyrir því að rekstri flugvallarins sé hagað í samræmi við hana;
 - kröfurnar fyrir stjórnunarkerfi flugvalla sem inniheldur öryggisstjórnunarkerfi;
 - ábyrgð rekstraraðila flugvallarins og þriðju aðila, sem veita rekstrarþjónustu á flugvellingum, þar á meðal ferla fyrir eftirlit og umsjón rekstraraðila flugvallarins með starfsemi þriðju aðila á athafnasvæðinu.

II. Yfirlit yfir athugasemdir

37. Eins og var með athugasemdirnar um stjórnvaldskröfurnar sneru athugasemdirnar við kröfurnar á hendur rekstraraðilanum um reglurnar um eftirlit með þriðju aðilum, breytingar og starfsmannakröfur. Miklar athugasemdir við þjálfunarkröfurnar bárust og leiddi það til mikilsháttar endurgerðar á reglunum.

III. Útskýring á breytingum*ADR.OR.B.015: Umsókn um vottorð*

38. Þessari framkvæmdarreglu hefur verið breytt til þess að endurspeglar tilgang breytinganna, sem hafa verið gerðar á ADR.AR.C.015, og lýst er að ofan í AR kaflanum. Breytingarnar ættu að skýra betur kröfurnar varðandi umsókn um vottorð.

ADR.OR.B.040: breytingar

39. Minniháttar textabreyting í byrjun framkvæmdarreglunnar til þess að skýra umfang krafna fyrir breytingunum og önnur breyting til þess að skýra umfang matsins á þeirri breytingu sem lögð er til.

ADR.OR.B.060: Yfirlýsing veitenda hlaðstjórnunarþjónustu

40. Framkvæmdarreglunni var breytt lítið eitt til þess að skýra hana betur.

ADR.OR.C.005: Ábyrgð rekstraraðila flugvallar

41. Framkvæmdarreglunni hefur verið breytt til þess að endurspeglar að sumar af upplýsingunum, sem talda eru upp í reglunni, ætti einungis að gefa út þegar það er metið nauðsynlegt. Upphaflega framkvæmdarreglan myndi leggja á þá kröfu að birta upplýsingar sem einungis þurfa að birtast í flugvallarhandbókinni. Af þeim sökum hefur drögum að framkvæmdarreglunni verið breytt til þess að gefa til kynna að allar viðeigandi upplýsingar um öryggi loftfara skuli birtar í

flugvallarhandbókinni en einungis þurfi að gefa út viðeigandi upplýsingar. Frekari smávægileg breyting var gerð til þess að fjarlægja „formlegu“ hliðina í þeim ráðstöfunum sem rekstraraðili flugvallarins kann að hafa gert við aðra aðila.

ADR.OR.C.040: Eldforvarnir

42. Breytingin á framkvæmdarreglunni skýrir að rekstraraðili flugvallar ber ekki með beinum hætti ábyrgð á að tryggja að kröfurnar séu uppfylltar, einungis þurfa þeir að tryggja að ferlar séu til staðar til þess að tryggja að einstaklingar séu meðvitaðir um kröfuna.

ADR.OR.C.045: Notkun áfengis, geðlyfja og lyfja

43. Framkvæmdarreglan kvað á um að rekstraraðili flugvallarins skuli koma á og auglýsa stefnu um notkun efnanna sem talin eru upp í reglunni. Margar athugasemdir gáfu til kynna að stjórnendur ættu ekki að vera með í takmörkununum á notkun efnanna sem talin eru upp í reglunni. Hins vegar hefur stofnunin ekki sagt hvað ætti að vera í stefnunni, en til þess að taka af allan vafa, hefur stofnunin tekið út orðið „stjórnendur“.

ADR.OR.D.015: starfsmannakröfur

44. Sú mikilsháttar breyting á ADR.OR.D.017, sem lýst er að neðan, hefur leitt til þess að krafa á hendur rekstraraðila flugvallarins, er að finna í þessari framkvæmdarreglu, um að tryggja að starfsmenn hans, sem hafa með starfsemi, viðhald, og stjórnun á flugvellinum að gera, búi yfir viðeigandi þjálfun í samræmi við þjálfunaráætlunina. Það bætir skýrleika hinnar endurgerðu IR ADR.OR.D.017.

ADR.OR.D.017: þjálfun og áætlanir til könnunar á færni

45. Hinar mikilsháttuðu breytingar á þessari framkvæmdarreglu hafa skýrt gildissvið ábyrgðar rekstraraðila flugvallarins á því að tryggja að starfsfólk hans hljóti þjálfun og að skrár séu haldnar og á því að tryggja að einstaklingar, sem ekki eru í fylgd, á athafnasvæðinu eða öðrum starfssvæðum flugvallarins hafi hlotið viðeigandi þjálfun. Endurgerða reglan ætti nú að endurspegla að rekstraraðili flugvallarins ber ekki með beinum hætti ábyrgð á þjálfun starfsmanna annarra fyrirtækja. Hins vegar skal rekstraraðili flugvallarins tryggja að starfsfólk annarra fyrirtækja hljóti þjálfun í samræmi við staðla rekstraraðila flugvallarins (námsskrá og tíðni), eins og kveðið er á um í grunnkröfunum. Af þeim sökum fer hann með almenna stjórnarsýsluumsjón með þeirri þjálfun sem starfsmenn annarra fyrirtækja hljóta.

ADR.OR.D.027: Öryggisáætlanir

46. Minniháttar breytingar til þess að endurspegla að rekstraraðili flugvallarins getur ekki tryggt að fyrirtæki, sem starfa á flugvellinum, séu þátttakendur í slíkum áætlunum, en hann getur einungis hvatt til þess að fyrirtækin taki þátt í slíkum áætlunum.

ADR.OR.D.035: Skýrsluhald

47. Minniháttar breytingar til þess að endurspegla að gögn er varða vottunargrunninn og aðrar leiðir til þess að fullnægja skilyrðunum, sem eru í notkun, skuli geymd út gildistíma vottorðsins en ekki um ótakmarkaðan tíma.

ADR.OR.E.005: Flugvallarhandbókin

48. Minniháttar breytingar til þess að skýra ábyrgð rekstraraðila flugvallarins hvað varðar vitund starfsmanna annarra fyrirtækja um flugvallarhandbókina. CRD textinn gaf til kynna að rekstraraðili flugvallar skyldi tryggja að starfsmenn annarra fyrirtækja væru meðvitaðir um handbókina þegar ætlunin var að einungis

fyrirtækin þurfi að vera meðvituð og að það væri á þeirra ábyrgð að tryggja að vekja athygli eigin starfsfólks á handbókinni.

BREYTINGAR Á VIÐAUKA III – HLUTI REKSTRARKRÖFUR (HLUTI-ADR.OPS)

I. Gildissvið

49. Hluti-ADR-OPS inniheldur þær kröfur sem rekstraraðili flugvallarins þarf að uppfylla. Hlutinn inniheldur þrjá kafla sem fjalla um flugvallargögn, rekstrarþjónustu, búnað og mannvirki flugvalla og viðhald flugvalla. Hann fjallar um:
- kröfurnar og ferlana fyrir öruggri starfsemi flugvalla, þar á meðal viðhaldi flugvalla;
 - kröfunum og ferlunum fyrir öruggri rekstrarþjónustu flugvalla, án tillits til þess hvort rekstraraðili flugvallarins eða þriðji aðili veiti hana;
 - kröfunum fyrir öryggi starfsemi á jörðu sem tengist loftförum og framkvæmd er á athafnasvæðinu.

II. Yfirlit yfir athugasemdir

50. Fjölmargar athugasemdir bárust varðandi kröfurnar fyrir flugvallarstarfsemi tengdri björgunar- og slökkviliðsþjónustu og flugvallaviðhaldi. Nokkurra skýringa var þörf er varðaði spurningar um viðbragðstímabilið með hliðsjón af þeim skyldum, sem lagðar voru á herðar rekstraraðila flugvallar, í því skyni að tryggja örugga starfsemi við ákveðin veðurskilyrði.

III. Útskýring á breytingum

ADR.OPS.B.001: Veiting þjónustu

51. Minniháttar breytingar á þessari framkvæmdarreglu þar sem orðið „rekstrar“ var tekið út í veittri þjónustu þar sem undirhlutinn er titlaður „rekstrarþjónusta“, og því er gildissviðið vel skilgreint og þarfnast ekki endurtekningar í framkvæmdarreglunni. Aukaefni hefur verið bætt við GM til þess að styðja við framkvæmdarregluna (sjá viðhengi 1).

ADR.OPS.B.010: Björgunar- og slökkviliðsþjónusta

52. Breytingar á þessari framkvæmdarreglu eru meðal annars minniháttar breyting til þess að skýra að væntanlegur viðbragðstími björgunar- og slökkviliðsþjónustunnar er ekki „samstundis“ heldur „tímanlegur“. Athugasemdir, sem bárust, gáfu til kynna að svo lengi sem viðbragðskröfurnar eru uppfylltar hvílir engin skylda á „samstundis“ viðbrögðum eins og áður var farið fram á í þessari framkvæmdarreglu. Farið hefur verið fram á mikilsháttar breytingu í kjölfar breytinganna á ADR.OR.D.017, sem lýst var að ofan, og leiddi til þess að kröfurnar fyrir þjálfunar- og kunnáttukannanir hjá björgunar- og slökkviliðsþjónustunni voru settar aftur í þennan hluta. Nýleg tilkoma ADR.OPS.B.011 heimilar að hugmyndin um að aðrir aðilar séu ábyrgir fyrir þessari þjónustu, hefur gefið tækifæri til þess að endurstaðsetja regluna aftur á hentugri stað.

ADR.OPS.B.025: Notkun ökutækja

53. Minniháttar breytingar þar sem orðið „formleg“ þjálfun var tekið út. Þetta ætti að skýra betur að með reglunni er ekki ætlunin að skylda rekstraraðila flugvalla til þess að veita þjálfunina með beinum hætti heldur koma á og innleiða „ferla“.

Einnig er heldur ekkert í reglunni sem kemur í veg fyrir að rekstraraðili flugvallar feli öðrum fyrirtækjum að framkvæma þessi verkefni.

ADR.OPS.B.035: rekstur við vetraraðstæður

54. Framkvæmdarreglunni hefur verið breytt til þess að skýra betur hlutverk rekstraraðilans.

ADR.OPS.B.040: Rekstur að nóttu

55. Framkvæmdarreglunni hefur verið breytt til þess að skýra betur hlutverk rekstraraðilans.

ADR.OPS.B.045: starfræksla í lélegu skyggni

56. Framkvæmdarreglunni hefur verið breytt til þess að skýra betur hlutverk rekstraraðilans.

ADR.OPS.B.060: Aðgangur að athafnasvæðinu

57. Þessari framkvæmdarreglu hefur verið eytt í kjölfar breytinga á ADR.OR.D.017 sem nú inniheldur ásetning þessarar reglu.

ADR.OPS.B.070: Öryggi flugvallarvinnu

58. Kröfurnar fyrir mikilsháttuðum framkvæmdum á flugvöllinum, sem þörfnuðust fyrra samþykkis hins lögbæra stjórnvalds, hafa verið teknar út úr þessari framkvæmdarreglu. Þær eru orðnar úreltar eftir breytinguna á ADR.AR.C.005 sem fjallar um aðstæðurnar sem reglan lýsir.

ADR.OPS.B.075: öryggisvarsla flugvalla

59. Í málsgrein (a)(1) hefur verið bætt við takmörkun á hæfni rekstraraðila flugvallarins til skýringar í samræmi við 8. grein a(4) í grunnreglugerðinni.

ADR.OPS.C.005: Flugvallarviðhald - almennt

60. Kröfan um fyrra samþykki á viðhaldsáætluninni og mikilsháttar viðhaldsstarfsemi hefur verið tekin út.

EINGUNGIS TIL UPPLÝSINGA

VIÐHENGI 1

Þetta viðhengi útlistar tilvísanir til stoðefnis, sem hugsanlega verður endurskoðað, annaðhvort vegna breytinga á tengdri fyrirhugaðri framkvæmdarreglu eða í kjölfar athugasemda, sem hafa borist, og haft hafa áhrif á stoðefnið og inniheldur, þar sem unnt er, nýtt efni sem þegar hefur verið þróað.

Þessi listi er einungis í upplýsingaskyni og má hvorki líta á hann sem endanlegan né tæmandi. Stofnunin mun halda áfram að hafa samráð við utanaðkomandi aðila á samþykkistímabilinu til þess að tryggja sem best gæði þessa efnis.

Stjórnvaldskröfur

Hugsanlegar breytingar á AMC og GM stoðefninu eru meðal annars:

Nýtt AMC1 ADR.AR.B.005(a)(1)	stjórnunarkerfi
AMC1 ADR.AR.B.005(a)(4)	stjórnunarkerfi
AMC1 ADR.AR.B.005(d)	stjórnunarkerfi
GM1 ADR.AR.B.005(a)(1)	stjórnunarkerfi
GM2 ADR.AR.B.005(a)(2)	stjórnunarkerfi
AMC1 ADR.AR.C.015(b)(1)(2)	upphaf vottunarferlisins
AMC1 ADR.AR.C.015(b)(1)	upphaf vottunarferlisins
Nýtt GM1 ADR.AR.C.015(c)	upphaf vottunarferlisins
AMC1 ADR.AR.C.035(a)	Útgáfa vottorðs
GM1 ADR.AR.C.035(a)(2)	Útgáfa vottorðs
GM3 ADR.AR.C.035(b)(1);(2)	Útgáfa vottorðs
AMC3 ADR.AR.C.040(a);(f)	breytingar
AMC3 ADR.AR.C.040	breytingar

Stofnanakröfur

Hugsanlegar breytingar á AMC og GM stoðefninu eru meðal annars:

AMC1 ADR.OR.B.015(b)(4)	Umsókn um vottorð
GM1 ADR.OR.B.015(b)(5)	Umsókn um vottorð

AMC1 ADR.OR.B.040 (a)	breytingar
GM1 ADR.OR.B.040 (a);(b)	breytingar
AMC1 ADR.OR.D.005(b)(11)	stjórnunarkerfi
AMC2 ADR.OR.D.005(b)(11)	stjórnunarkerfi
AMC2 ADR.OR.D.005(c)	stjórnunarkerfi
AMC1 ADR.OR.D.010	umsamdar aðgerðir
AMC1 ADR.OR.D.015 (b)	starfsmannakröfur
AMC1 ADR.OR.D.017(a)	þjálfun og áætlanir til könnunar á færni
GM1 ADR.OR.D.017(a)	þjálfun og áætlanir til könnunar á færni
GM2 ADR.OR.D.025	samræming við aðrar stofnanir
AMC1 ADR.OR.D.030	öryggistilkynningakerfi

Rekstrarkröfur

Hugsanlegar breytingar á AMC og GM stoðefninu eru meðal annars:

AMC2 ADR.OPS.B.010	Veiting þjónustu
GM5 ADR.OPS.B.010	Veiting þjónustu

Þetta GM, sem sýnt er að neðan, hefur verið gert til þess að útskýra gildissviðs framkvæmdarreglunnar með hliðsjón af ábyrgð og skaðabótaábyrgð rekstraraðila flugvallarins þegar þriðju aðilar eru þátttakendur í þróun og veitingu rekstrarþjónustu, t.d. þjörgunar- og slökkviþjónustu, ökuleyfa o.s.frv.

GM1 ADR.OPS.B.001 Veiting þjónustu

ÞJÓNUSTA

Þjónustan í B hluta þessa viðauka þarf að veita á flugvelli. Í nokkrum tilvikum býður rekstraraðili flugvallarins ekki með beinum hætti upp á þessa þjónustu, heldur önnur fyrirtæki eða ríkisaðili eða sambland af báðu. Hins vegar, ætti rekstraraðilinn, þar sem hann ber ábyrgð á rekstri flugvallarins, að koma á fyrirkomulagi og tengingum, við þessi fyrirtæki eða aðila til þess að tryggja að þjónustan sé veitt í samræmi við ákvæði laga. Aðferðin, sem lýst er að ofan, uppfyllir ásetning samþætta öryggisstjórnunarkerfisins, sem aðstoðar rekstraraðila flugvallarins við að tryggja öryggismarkmið þjónustuákvæðisins séu uppfyllt. Eftir að hafa framkvæmt þessa aðgerð ætti hér með að líta svo á að rekstraraðili flugvallarins hafi losnað undir ábyrgðinni með því að nota aðgerðirnar, sem lýst er að ofan, auk þess ætti ekki að líta svo á að rekstraraðili flugvallarins sé ábyrgur með beinum hætti eða skaðabótaskyldur fyrir því að aðrir aðilar, sem eru þátttakendur í fyrirkomulaginu, uppfylli ekki kröfurnar.

Frekari breytingar á stoðefninu (**AMC & GM**) fyrir björgunar- og slökkviliðsjónustu þarf að skoða sem afleiðingu af því að færa þjálfunarkröfurnar aftur í þennan hluta.

AMC1 ADR.OPS.A.010	kröfur um gagnagæði
AMC1 ADR.OPS.B.005	neyðaráætlun flugvallarins
AMC5 ADR.OPS.B.010	Björgunar- og slökkviliðsjónusta
GM5 ADR.OPS.B.010	björgunar- og slökkviliðsjónusta
AMC1 ADR.OPS.B.020	minnkun á hættu af völdum árekstra við dýr
AMC1 ADR.OPS.B.035	rekstur við vetraraðstæður
AMC1 ADR.OPS.B.045	starfræksla í lélegu skyggni
AMC1 ADR.OPS.B.075	öryggisvarsla flugvalla

AMC og GM sem tengjast **ADR.OPS.B.060** verður eytt

Bók 1 og 2, vottunarforskriftir og leiðbeiningarefni

Vottunarforskriftir, sem hugsanlega verða endurskoðaðar í stoðefninu í bók 1 og 2, eru meðal annars:

KAFLI B - FLUGBRAUTIR

CS ADR-DSN.B.035	Raunveruleg lengd flugbrautar og yfirlýstar fjarlægðir
CS ADR-DSN.B.045	Breidd flugbrauta
CS ADR-DSN.B.060	Lengdarhalli á flugbrautum
CS ADR-DSN.B.065	Lengdarhallabreytingar á flugbrautum
CS ADR-DSN.B.070	Sjónfjarlægð fyrir halla á flugbrautum
CS ADR-DSN.B.080	Þverhalli á flugbrautum
CS ADR-DSN.B.095	Flugbrautarsnúningsplön
CS ADR-DSN.B.105	Styrkleiki flugbrautarsnúningsplana
CS ADR-DSN.B.130	Hallar á jöðrum flugbrautar
CS ADR-DSN.B.135	Breidd jaðra flugbrautar
CS ADR-DSN.B.160	Breidd flugbrautaröryggissvæðis
CS ADR-DSN.B.170	Flugbrautaröryggissvæði fyrir grunnaðflug og flug sem ekki er blindflug
CS ADR-DSN.B.180	Lengdarhalli á flugbrautaröryggissvæði
CS ADR-DSN.B.185	Þverhalli á flugbrautaröryggissvæði
CS ADR-DSN.B.190	Styrkleiki flugbrautaröryggissvæðis
CS ADR-DSN.B.205	Þjónustusvæði ratsjánhæðarmælis

KAFLI C - ÖRYGGISSVÆÐI VIÐ ENDA FLUGBRAUTAR

- CS ADR-DSN.C.215 Mælivíddir öryggissvæðis við enda flugbrautar
- CS ADR-DSN.C.230 Hallar á öryggissvæði við enda flugbrautar
- CS ADR-DSN.C.235 Styrkleiki öryggissvæðis við enda flugbrautar

Kaflí D - AKBRAUTIR

- CS ADR-DSN.D.240 Akbrautir almennt
- CS ADR-DSN.D.245 Breidd akbrauta
- CS ADR-DSN.D.265 Lengdarhalli á akbrautum
- CS ADR-DSN.D.270 Lengdarhallabreytingar á akbrautum
- CS ADR-DSN.D.275 Sjónfjarlægð akbrauta
- CS ADR-DSN.D.280 Þverhallar á akbrautum
- CS ADR-DSN.D.320 Hlutir á akbrautaraðreinum
- CS ADR-DSN.D.330 Hallar á akbrautaraðreinum
- CS ADR-DSN.D.340 Staðsetning biðsvæða, biðstöður á flugbrautum, millibiðstöður og brautarbiðstöður

Kaflí L – SJÓNÆN LEIÐSÖGUTÆKI FYRIR FLUGLEIÐSÖGU (FLUGVALLARMERKINGAR)

- CS ADR-DSN.L.540 Miðunarpunktsmerking
- CS ADR-DSN.L.570 Aukin miðlínumerking akbrautar

KAFLI M – SJÓNÆN LEIÐSÖGUTÆKI FYRIR FLUGLEIÐSÖGU (LJÓS)

- CS ADR-DSN.M.620 Flugleiðsöguljós
- CS ADR-DSN.M.700 Auðkennisljós fyrir skjótafrein
- CS ADR-DSN.M.710 Miðlínuljós akbrautar
- CS ADR-DSN.M.715 Miðlínuljós akbrautar á akbrautum, flugbrautum, skjótafreinum eða öðrum afreinum
- CS ADR-DSN.M.760 Ítarlegt sjónrænt leiðbeiningarkerfi í flugvallarstæði
- CS ADR-DSN.M.770 Brautarbiðstöðuljós

KAFLI Q – SJÓNÆN LEIÐSÖGUTÆKI TIL ÞESS AÐ GEFA HINDRANIR TIL KYNNA

- CS ADR-DSN.Q.840 Hindranir sem skulu merktar og/eða lýstar

KAFLI S - RAFKERFI

- CS ADR-DSN.S.880 Rafafgjafi fyrir sjónræn leiðsögutæki

KAFLI T - REKSTRARÞJÓNUSTA FLUGVALLAR, BÚNAÐUR OG MANNVIRKI

- CS ADR-DSN.T.910 Kröfur um auðbrjótanleika búnaðar
- CS ADR-DSN.T.915 Staðsetning búnaðar og mannvirkja á starfssvæðum